


Blóðskilun

Upplýsingar fyrir sjúklinga og aðstandendur



Hvað gera nýrun?

Flestir fæðast með tvö nýru sem eru staðsett aftarlega í kviðarholinu. Meðalstærð nýra í fullorðnum er 5 x 10 x 2,5 cm en stærðin er nokkuð breytileg eftir aldri og líkamsstærð. Hvort nýra um sig er samsett úr milljón einingum sem heita nýrungar. Nýrungar sjá um að hreinsa blóðið.

Nýrun sjá um að hreinsa blóðið af úrgangsefnum og steinefnum og útskilja umfram vökva. Þau sjá einnig um:

- Framleiðslu rauðkorna hormóns (Epó, erythropoetin), sem stjórnar framleiðslu rauðra blóðkorna
- Stjórnun á blóðþrýstingi
- Að virkja D-vítamín sem er nauðsynlegt til viðhalds og uppbyggingar beina

Skert starfsemi nýrna

Starfsemi nýrna getur minnkað af ýmsum orsökum. Þegar það gerist minnkar útskilnaður úrgangsefna, steinefna og vökva. Einkenni nýrnabilunar eru væg svo lengi sem skerðing á nýrnastarfsemi er lítil. Eftir því sem dregur meira úr starfseminni geta ýmis einkenni komið fram svo sem ógleði, kláði, svefnerfiðleikar og mæði. Minni útskilnaður leiðir til uppsöfnunar á vökva sem getur valdið bjúg, hækkuðum blóðþrýstingi og jafnvel vökvasöfnun í lungum. Þegar afkastageta nýrnanna hefur minnkað verulega þarf að huga að meðferð til að bæta hana upp. Þau meðferðarúrræði sem um er að velja eru skilun (dialysis), ígræðsla nýra eða einkenameðferð. Það fer eftir aðstæðum hvers og eins hvaða meðferð kemur til greina og hentar.

Skilun

Skilunarmeðferð getur verið tvenns konar, blóðskilun og kviðskilun. Hér verður fjallað um blóðskilun, til er annað fræðsluefni um kviðskilun, sjá vef Landspítala, landspitali.is.

Blóðskilun fer oftast fram á sjúkrahúsi en hægt er að framkvæma hana í heimahúsi ef áhugi er á því. Sumir velja að annast sjálfir um blóðskilunarmeðferðina að hluta eða öllu leyti inni á skilunardeildinni og er þá talað um „sjálfsbjargarskilun“.


Tilgangur skilunarmeðferðar er að koma í stað þeirrar starfsemi nýrnanna sem hefur skerst og hreinsa úrgangsefni, steinefni og vökva úr blóðinu. Jafnframt er sýrustig líkamans leiðrétt. Til að blóðskilun sé möguleg þarf að skapa aðgengi, æðaaðgengi, að blóðrás líkamans um bláæð. Það er hægt að gera með fistli, gerviað (graffti) eða ígræddum blóðskilunarlegg. Fræðsluefni um umhirðu hvers æðaaðgengis er hægt að nálgast á vef Landspítalans, landspitali.is.

Þjónusta við fólk með minnkaða eða enga nýrnastarfsemi er á Landspítala við Hringbraut. Þar er skilunardeild sem sinnir bæði blóð- og kviðskilun. Nokkur útibú frá deildinni fyrir blóðskilun eru staðsett utan Reykjavíkur.

Blóðskilun

Í blóðskilunarmeðferð er æðaaðgengið tengt við tvær slöngur á blóðskilunarvél. Blóð er dregið út úr líkamanum um aðra slönguna, því dælt í gegnum blóðskilunarvél og filter (skila) á henni og síðan dælt aftur inn í líkamann. Um er að ræða lokaða hringrás og aðeins brot af blóði líkamans er utan hans í einu. Í filternum á sér stað hreinsun og leiðrétting á úrgangsefnum og steinefnum ásamt því að vökvi sem hefur safnast upp er skilinn út.

Læknir gefur fyrirsmæli um hversu löng hver blóðskilunarmeðferð er. Til að byrja með er hún framkvæmd oft en stutt í einu til að koma í veg fyrir óþægindi sem geta komið fram ef úrgangsefnin eru hreinsuð of hratt úr líkamanum. Eftir fyrstu skiptin er tíminn lengdur, oftast í 3 - 4 klukkustundir í senn þrisvar sinnum í viku.



Við ákvörðun tímalengdar og tíðni blóðskilunar er stuðst við nokkra þætti:

- Niðurstöður úr blóðprufum, sem teknar eru reglulega
- Líkamsþyngd
- Vökvasöfnun milli blóðskilana
- Hversu vel æðaaðgengið vinnur / Starfshæfni æðaaðgengis

Til viðbótar þeim tíma sem blóðskilunarmeðferðin sjálf tekur þarf að gera ráð fyrir um 30 mínútum í undirbúning fyrir meðferðina á skilunardeild og 30 mínútum að meðferð lokinni. Einnig þarf að gera ráð fyrir ferðatíma til og frá skilunardeild. Heildartími fyrir hverja meðferð getur því orðið 4 - 6 klukkustundir.

Í hverri blóðskilun eru blóðþrýstingur og púls mældur að minnsta kosti þrisvar sinnum og oftast ef ástæða þykir til. Eftir fyrstu blóðskilun er „þurrþyngd“ ákveðin. Þurrþyngd er æskileg líkamsþyngd eftir blóðskilun þar sem blóðþrýstingur er innan eðlilegra marka, enginn bjúgur sjáanlegur og ekki verður vart við svima við að standa upp. Þyngd er mæld fyrir og eftir hverja blóðskilun og ákveðið hve mikinn vökva þarf að taka af í blóðskilunarmeðferðinni. Miðað er við að einstaklingur sé í þurrþyngd eftir blóðskilun.

Nokkur einkenni geta komið upp á meðan á blóðskilun stendur. Einkennin eru hvorki algeng né alvarleg, en helst eru það:

- Lækkaður blóðþrýstingur, með svima og svitamyndun
- Ógleði og uppköst
- Krampar, algengastir í fótleggjum eða höndum

Láttu starfsfólk vita ef þessara einkenna verður vart. Oftast gengur vel að vinna bug á þeim.

Áhrif blóðskilunar á líf og líðan

Blóðskilun hefur mismikil áhrif á líf fólks og viðbrögðin eru því einstaklingsbundin. Margir finna fyrir mikilli breytingu til batnaðar á einkennum sem hafa haft truflandi áhrif á daglegt líf í lengri tíma. Öðrum líður illa og finnst meðferðin vera hamlandi og umturna lífinu. Hvoru tveggja eru eðlileg viðbrögð við lífeynslu sem er þungbær. Slík vanlíðan líður oftast hjá en verði hún viðvarandi er mikilvægt að tala um það við sína nánustu, vini eða heilbrigðisstarfsfólk. Oft nægir að ræða málin við aðra en ef það dugir ekki er hægt að fá sérhæfðari aðstoð. Ekki hika við að leita til heilbrigðisstarfsmanns eftir aðstoð.



Samtök nýrnasjúklinga

Starfrækt er félag nýrnasjúkra hérlendis, Nýrnafélagið, sem hefur það markmið að styðja alla sem veikjast af langvinnum nýrnasjúkdómi og aðstandendur þeirra. Heimasíða þess er <http://nyra.is>

Sjúklingasamtök eru starfsrækt á öllum Norðurlöndunum, í öðrum Evrópulöndum og Norður Ameríku. Benda má á þessar heimasíður:

- Landsforeningen for nyrepatienter og transplantere, norsku sjúklingasamtökin, <http://www.lnt.no>
- Nyreforeningen, dönsku sjúklingasamtökin, <http://www.nyreforeningen.dk>
- Njurförbundet, sænsku sjúklingasamtökin, <http://www.njurforbundet.se>
- UK National Kidney Federation, samtök nýrnasjúklinga á Bretlandseyjum, <http://www.kidney.org.uk>

Símanúmer

Skilunardeild: Opíð kl. 8-20 mánudaga til föstudaga og kl. 8-16 um helgar, sími: 543 6315

Skriptiborð Landspítala: Opíð allan sólarhringinn, sími: 543 1000

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.